

Samþykkt
um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð

1. gr.

Gildissvið

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Vesturbyggð. Meðhöndlun úrgangs skal vera í samræmi við samþykkt þessa, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs ásamt öðrum reglugerðum settum með stoð í framangreindum lögum.

2. gr.

Markmið

Markmið samþykktar þessarar er

- a. að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
- b. að tryggja að meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við lög og reglugerðir,
- c. að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis,
- d. að lágmarka magn úrgangs og að þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnýtingu/endurvinnslu og að sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er verði með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma,
- e. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs og
- f. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

3. gr.

Umsjón og eftirlit

Umhverfis- og framkvæmdasvið fer með ákvörðunarvald í málefnum er varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar. Sviðið fer með daglega yfirstjórn mála þessara samkvæmt samþykkt þessari. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2023, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 803/2023, um meðhöndlun úrgangs, og að farið sé að samþykkt þessari.

4. gr.

Almennt um grenndar- og söfnunarstöðvar

Grenndarstöð/grenndargámur eru litlar móttökustöðvar í dreifbýli að jafnaði með 660L og 240L sorpílátum sem geta tekið við almennum heimilisúrgangi ásamt öðrum flokkum endurvinnanlegra flokka sem síðan eru fluttir á móttökustöð.

Móttöku- og söfnunarstöðvar eru á Bíldudal, Patreksfirði og Tálknafirði þar sem er móttaka og söfnun á öllum úrgangi og flutningur frá þeim svæðum á sér stað. Þessar stöðvar eru með opið fyrir móttöku á úrgangi á auglýstum tímum.

Flokkunarkrár eru til staðar á móttöku- og söfnunarstöðvum þar sem hægt er að skila endurnýtingarflokkum í söfnunarílát allan sólarhringinn. Slíkar flokkunarkrár eru til staðar á Bíldudal, Patreksfirði og Tálknafirði.

5. gr.

Fyrirkomulag söfnunar úrgangsflokka

Vesturbyggð ber ábyrgð á sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og samskiptum við þá aðila sem tengjast þeim viðfangsefnum.

Íbúum og rekstraraðilum er skylt að flokka allan úrgang í sjö flokka, fjóra grunnflokka; pappa og pappír, plast, lífúrgang og blandaðan úrgang skal sækja að húshlið samkvæmt ákvæðum um sérstaka söfnun og flokkun úrgangs en öðrum flokkum, málm, gleri og textíl skal skilað á grenndar- eða söfnunarstöðvar.

Vesturbyggð getur sinnt sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á eigin vegum og er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á úrgangi, rekstur flokkunarkráa, grenndarstöðva/grenndargáma, móttöku- og söfnunarstöðva og förgun úrgangs. Viðkomandi skal hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á. Gæta skal þess að ekki hljóttist af mengun eða annar skaði fyrir umhverfi og að úrgangurinn uppfylli þær kröfur sem settar eru og við eiga, s.s. um flokkun og takmörkun á aðskotahlutum, þannig að úrgangurinn henti til endurnýtingar/endurvinnslu.

Bæjarstjórn ákveður tíðni söfnunar úrgangs í samráði við framkvæmdaaðila söfnunar. Sorphirðudagatal er gefið út í byrjun hvers árs þar sem fram kemur hvenær almennur heimilísúrgangur, lífúrgangur og endurvinnanlegur úrgangur er hirtur frá heimilum. Bæjarstjórn Vesturbyggðar getur heimilað frávik frá áætlun vegna sérstakra aðstæðna. Slík frávik skulu auglýst eða tilkynnt hlutaðeigandi með hæfilegum fyrirvara. Skulu þá fasteignareigendur sinna skyldum sínum samkvæmt samþykkt þessari á auglýstum tíma eins og um losun samkvæmt áætlun væri að ræða.

Umhverfis- og framkvæmdasvið sér til þess að upplýsingar með fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun séu aðgengilegar t.d. á vefsíðu sveitarfélagsins.

6. gr.

Íbúðarhúsnæði í þéttbýli og dreifbýli.

Íbúum og öðrum fasteignareigendum í Vesturbyggð er skylt að flokka allan úrgang frá heimilum í fjóra grunnflokka; pappa og pappír, plast, lífúrgang og blandaðan úrgang, í samræmi við sérstaka söfnun og flokkun úrgangs. Til lífúrgangs teljast matarafgangar og aðrir flokkar samkvæmt nánari fyrirmælum frá söfnunaraðila. Heimajarðgerð er þó heimil með söfnun lífúrgangs að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, og er sveitarfélaginu heimilt að gera verklagsreglur um slíka undanþágu sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Nánar er kveðið á um frágang heimilísúrgangs í 9. gr. samþykktar þessarar.

Sé fyrirséð að úthlutuð sorphlát yfirfillist getur fasteignareigandi óskað eftir að ílátum sé fjölgað eða óskað eftir annarri stærð íláta, eftir atvikum, og skal greiða breytingagjald, auk gjalds samkvæmt fjölda og stærð íláta, í samræmi við gildandi gjaldskrá hverju sinni. Einnig getur hann skilað endurvinnsluflokkum í flokkunarkrár, óflokkuðum heimilísúrgangi á móttöku – og söfnunarstöðvar og greitt fyrir, þegar við á, samkvæmt gildandi gjaldskrá Vesturbyggðar.

Vesturbyggð annast söfnun heimilísúrgangs frá íbúðarhúsnæði í þéttbýli sveitarfélagsins með reglubundnum hætti. Sveitarfélagið annast einnig söfnun pappa og pappírs, plasts og blandaðs

úrgangs frá íbúðarhúsnæði á Barðaströnd, frá Kleifaheiði að Flókalundi. Í öðru dreifbýli og frístundabyggðum skal framangreindum úrgangsflokkum skilað á grenndarstöð/grenndargáma eða móttöku- og söfnunarstöð. Öðrum úrgangi skal skilað á móttöku- og söfnunarstöð.

7. gr.

Frístundahúsnæði

Fasteignareigendum frístundahúsa er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við meðferð úrgangs sem samþykkt þessi kveður á um. Fasteignareigandi ber ábyrgð á að skila úrgangi í samræmi við samþykkt þessa.

Í dreifbýli eru grenndarstöðvar/grenndargámar sem eru ætlaðir frístundahúsaeygndum og eigendum húsa þar sem ekki er föst búseta og eru þau losuð samkvæmt sorphirðudagatali fyrir dreifbýli. Frágangur og umgengni við gámavelli skal vera í samræmi við kröfur umhverfis- og framkvæmdasviðs Vesturbyggðar og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

8. gr.

Atvinnustarfsemi

Rekstraraðilum, fyrirtækjum, stofnunum, bújörðum eða býlum er skylt að endurnýta eða flokka og endurvinna þann úrgang sem til fellur hjá þeim í samræmi við lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins. Rekstraraðilar bera ábyrgð á því að úrgangur sem til fellur í starfsemi þeirra sé meðhöndlaður í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim og skulu standa straum af kostnaði vegna þess með því að gera samning um söfnun við þjónustuaðila eða greiða gjöld samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins ef samningur er ekki fyrir hendi. Samkomulag um söfnun, aðra meðferð og förgun úrgangs er á milli fasteignareiganda atvinnuhúsnæðis og framkvæmdaaðila söfnunar.

Frágangur og umgengni um ílát, svo og flutningur á úrgangi frá rekstraraðilum, skal vera í samræmi við fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Eigendum og umráðamönnum atvinnuhúsnæðis er heimilt að semja við hvern þann sem hefur tilskilin leyfi og réttindi til flutnings á úrgangi til gámastöðva og skal sá aðili fara að kröfum sveitarfélagsins sem fram koma í samningi sveitarfélagsins við þjónustuaðila, varðandi skráningu, vigtun og skil á upplýsingum. Staðsetning sorphlátá fyrir rekstrarúrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir umhverfis- og framkvæmdasviðs Vesturbyggðar, ákvæði byggingarreglugerðar og viðkomandi deiliskipulag.

9. gr.

Frágangur og söfnun heimilisérgangs

Draga skal úr myndun úrgangs eins og hægt er og stuðla að undirbúningi hans fyrir endurnýtingu/endurvinnslu. Úrgangur sem til fellur skal þannig endurnota eftir föngum. Úrgangur sem ekki verður endurnotaður skal flokkaður til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar.

Í sorphlát fyrir heimilisérgang má aðeins setja úrgang innan þeirra fjögurra grunnflokka sem falla til við heimilishald, þ.e. pappa og pappír, plast, lífúrgang og blandaðan úrgang. Sérstök söfnun

skal fara fram á málmum, gleri, textíl og spilliefnum sem skal skilað í flokkunarkrár eða á móttöku – og söfnunarstöðvar og greitt fyrir samkvæmt gildandi gjaldskrá Vesturbyggðar.

Eignir í fjöleignarhúsum og samliggjandi eignir geta sameinast um sorpílát

10. gr.

Frágangur og flokkun annars úrgangs

Rúmfrekum garðaúrgangi, jarðvegsefnum, brotajárni og öðrum grófum úrgangi skal skilað á móttöku – og söfnunarstöð, óheimilt er að láta slíkan úrgang í sorpílát við heimili, flokkunarkrár og í grenndarstöðvar/grenndargáma. Jarðvegs- og byggingarefnum þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h., skal skilað á móttöku – og söfnunarstöð. Umhverfis- og framkvæmdasviði er heimilt, í sérstökum tilvikum, að stilla tímabundið upp gámum fyrir slíkan úrgang, t.d. í tengslum við átak í úrgangsmálum. Einnig er starfsfólki móttöku – og söfnunarstöðvar heimilt að leyfa losun á hreinu timbri og óvirkum úrgangi á sérmerktan losunarstað sem Vesturbyggð hefur heimild til að ákveða. Óheimilt er að skila á losunarstaðinn án heimildar starfsfólks móttöku – og söfnunarstöðvar. Spilliefnum, og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á móttöku – og söfnunarstöð. Lyfjum skal skilað í lyfjaverslun. Oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Húsgögnum, fatnaði, húsbúnaði og öðru nýtanlegu skal leitast við að koma í þar til gerða móttöku á móttöku – og söfnunarstöðvum sveitarfélagsins.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, sorp, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausar bifreiðar, vélar eða önnur tæki. Úrgang má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins. Úrgangi sem skilað er, skal flokka og meðhöndla samkvæmt þeim reglum sem tilgreindar eru í þessari samþykkt.

11. gr.

Skyldur aðila vegna meðferðar úrgangs

Einstaklingum og rekstraraðilum (hér eftir saman „fasteignareigendur“) sem tilgreindir eru í 5.-7. gr. samþykktar þessara er skylt að fara eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í þessari samþykkt.

Vesturbyggð útvegar sorpílát sem fasteignareigendum er skylt að nota. Fasteignareigendur bera ábyrgð á þeim sorpílátum sem þeim er ætlað vegna sorphirðu við heimili, skulu halda ílátunum hreinum, vel við haldið og ekki í hættu á að þau fjúki. Haldi fasteignareigendur sorpílátum ekki hreinum getur sveitarfélagið látið hreinsa ílátin á kostnað þeirra. Sorpílátin skulu vera tryggilega fest en festingar mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að sorpgeymslum og sorpílátum og moka skal snjó frá þeim á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Sé ílát skemmt af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun og sliti getur sveitarfélagið farið fram á að fasteignareigandi greiði fyrir nýtt ílát.

Fasteignareigendur annast frágang á sorpílátum á lóð og skulu vera aðgengileg fyrir framkvæmdaaðila söfnunar. Sorpílát skulu öll vera á sama stað lóðar, þau skulu vera á jarðhæð og sem næst aðkomu að lóð, þannig að ekki þurfi að draga þau lengra en 15 metra að söfnunarbíl. Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Vesturbyggð er

heimilt að innheimta skrefagjald eftir gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð séu sorpílát lengra en 15 metra frá söfnunarbíl.

Flokkaður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurvinnslu/ endurnýtingu skerðist sem minnst.

Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktaróþægindum, draga til sín meindýr eða valda hreinlætisvandamáli.

Sé flokkun úrgangs óviðundandi, eða staðsetning eða frágangur ílátá við tiltekna fasteign ekki í samræmi við samþykkt þessa, er heimilt, að undangenginni viðvörðun og tilmælum, sem límd eru með áberandi hætti á viðkomandi ílát, að stöðva tímabundið hirðingu úrgangs eða innheimta sérstakt gjald skv. gildandi gjaldskrá, þar til úrbætur hafa verið gerðar. Ef ílát hefur ekki verið losað vegna hindrana, rangrar flokkunar eða af öðrum ástæðum getur fasteignareigandi óskað eftir aukalosun, eftir að skilyrði til losunar hafa verið uppfyllt. Greitt er fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá, sbr. 15. gr. reglnanna.

Ekki er skylt að hirða úrgang sem ekki er í viðurkenndum sorpílatum.

12. gr.

Móttöku- og söfnunarstöðvar

Öllum úrgangi sem ekki er heimilt að setja í sorpílát við heimili skal skilað í flokkunarkrár eða á móttöku- og söfnunarstöð. Þetta gildir bæði um úrgang frá heimilum, lögaðilum, fyrirtækjum eða stofnunum.

Í Vesturbyggð skulu vera þrjár móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang; á Bíldudal, á Tálknafirði og á Patreksfirði.

Á móttöku- og söfnunarstöðvar skal skila spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi, timbri, brotamálum, gleri, garðúrgangi, rafmagns- og rafeindatækjum sem og öðrum grófum úrgangi. Þó er hægt að skila garðaúrgangi, í samráði við starfsfólk móttöku- og söfnunarstöðva, á sérmerкта losunarstaði sem Vesturbyggð hefur ákveðið.

Óheimilt er að losa annan úrgang á móttöku- og söfnunarstöðvum en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á viðkomandi stöðum.

Móttöku- og söfnunarstöðvar taka á móti flokkuðum úrgangi samkvæmt gjaldskrá Vesturbyggðar og/eða framkvæmdaaðila sem samið er við hverju sinni.

13. gr.

Fræðsla til almennings og rekstraraðila

Vesturbyggð skal í samvinnu við samstarfsaðila í málaflokknum og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða halda uppi fræðslu um flokkun og endurnýtingu til íbúa og lögaðila í sveitarfélaginu sem og ferðamanna og gesta.

14. gr.
Heimildir til undanþágu

Sé óskað undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktar þessarar skal rökstuddri beiðni þar að lútandi beint til umhverfis- og framkvæmdasviðs, sem heimilt er að veita undanþágu ýmist tímabundið eða ótímabundið. Við veitingu undanþágu skal m.a. horft til þess að safnaður úrgangur fái viðunandi farveg og að fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að skilyrði laga og reglugerða séu uppfyllt og að markmiðum samþykktar þessarar verði náð.

15. gr.
Gjaldtaka

Bæjarstjórn ákvarðar og innheimtir gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Vesturbyggð heimilt að innheimta fast gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningar og reksturs nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna, sem og þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. Gjaldið skal sett á allar fasteignaeiningar og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjald sem sveitarfélagið innheimtir samkvæmt samþykkt þessari skal vera sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu en má aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 2. másl. 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998.

Við ákvörðun gjalds fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs er heimilt að miða við magn úrgangs, þ.e. stærð og fjölda sorphirðuíláta, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við þjónustustig, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Allt íbúðarhúsnæði í þéttbýli og íbúðarhúsnæði á Barðaströnd með heilsársbúsetu ber kostnað eftir rúmmáli íláta (rúmmálgjald), sem og fast gjald. Annað íbúðarhúsnæði í dreifbýli, öll skilgreind frístundahús, samkvæmt skráningu í fasteignaskrá, og íbúðarhúsnæði með takmarkaðri íveru vegna snjóflóðahættu, greiða aðeins fastagjald, enda eru þau undanþegin hirðu við hús en skulu í staðinn skila úrgangi á næstu grenndarstöðvar/grenndargáma eða móttöku – og söfnunarstöðvar

Gjöld fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteignaeiningu sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjald fyrir íbúðir í fjöleignarhúsi er innheimt í hlutfalli við fermetrafjölda hvernar íbúðar af heildarkostnaði fasteignarinnar. Heimilt verði að fasteignaeigendur geri samning um sameiginleg sorpílat við tvær samliggjandi eignir hlið við hlið. Sækja skal um slíkan samning til sveitarskrifstofu. Verði breyting á eignarhaldi eignanna fellur slíkur samningur úr gildi nema að nýir eigendur skrifi undir nýjan samning.

Óski eigandi fasteignar eftir breytingu á fjölda eða stærð íláta tekur breyting á gjaldheimtu gildi frá og með næsta mánuði eftir afhendingu. Innheimta vegna ýmissa aukagjalda innheimtast eftir á, við næstu mánaðamót.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísað til þessarar samþykktar.

16. gr.
Verklagsreglur

Vesturbyggð er heimilt að setja verklagsreglur varðandi meðferð einstakra mála skv. samþykkt þessari, s.s. varðandi óskir um breytingar á ílátum, beiðnir um aukalosun íláta og undanþágubeiðnir. Skulu verklagsreglur birtar opinberlega.

17. gr.
Brot á samþykktum, kvartanir og kærur

Hafi fasteignareigandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við Vesturbyggð og/eða Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Brjótí fasteignareigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal framkvæmdaaðili söfnunar tilkynna það til Vesturbyggðar, sem skora skal á fasteignareigandann að bæta ráð sitt. Bæti fasteignareigandi ekki úr innan ákveðins tíma er framkvæmdaaðili söfnunar ekki skyldugur til að taka úrgang hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um ítrekað brot að ræða skal Vesturbyggð tilkynna það til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða sem gera skal viðeigandi ráðstafanir.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

18. gr.
Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

19. gr.
Gildistaka

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 214/2004 um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð og samþykkt nr. 989/2022 um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, xx.xx.2024

F.h.r.